

Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúar eða marz ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfssemi þess á næsta ári. Þá skal og leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir liðið ár og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir o. fl.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt að jöfnum hlutum milli sveitastjóða aðildarhreppanna, enda bera þeir, í sömu hlutföllum kostnað er verður af starfsemi félagsins.

Aðalfundur ákveður hverju sinni, hvað lagt sé til fiskiræktar eða annarra umbóta á félagssvæðinu.

## 9. gr.

Eftir því sem ekki er fram tekið í samþykkt þessari um starfssemi félagsins, fer eftir IX. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

## 10. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1968.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Staðfesting forsetans á viðauka við skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði, útgefinn á venjulegan hátt að mandatum af dómismálaráðherra, 7. marz 1968.

Viðaukinn er þannig:

## V I Ð A U K A S K I P U L A G S S K R Á

fyrir Minningarsjóð Sigríðar Þorvaldsdóttur, Suðureyri í Súgandafirði.

Aftan við 5. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur skal kvenfélagið veita árlega úr sjóðnum upphæð, sem það ákveður til blómarræktar og skrauts í grafreit héraðsins á Stað, og skal sérstaklega sinnt um þau svæði garðsins, sem aðstandendur hafa ekki tók á að hirða um.